

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/2013, um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár.

1. gr.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Íbúakosningakerfið skal vera í umsjá Þjóðskrár Íslands og skal hún tryggja að það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þess samkvæmt reglugerð þessari. Kosningahluti og afkóðunar- og talningarhluti kerfisins skal ávallt hýstur hjá Þjóðskrá Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði V í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, sbr. 1. gr. laga nr. 28/2013, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 18. desember 2013.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2014